

AÐALSKIPULAG HÖRGÁRSVEITAR 2012-2024

LÝSING VEGNA BREYTINGAR



20.05.2019



Breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar

2012-2024



HÖRGÁRSVEIT

20.05.2019



LANDMÓTUN.

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	3
2	Aðdragandi og markmið	3
3	Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir	4
3.1	Landsskipulagsstefna	4
3.2	Stefna aðalskipulags Hörgársveitar	4
3.3	Íbúapróun	5
3.4	Náttúrufar	6
4	Efnistöð aðalskipulagsbreytingar	6
5	Verk og tímaáætlun	12
6	Heimildaskrá	13

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1.	Þróun mannfjölda í Hörgársveit 2014-2019 (Hagstofa Íslands).....	5
Tafla 2.	Skilgreind svæði undir frístundabyggð í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar	6
Tafla 3.	Skilgreind svæði Verslun- og þjónustu í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar.	7
Tafla 4.	Skilgreind svæði skógræktar- landgræðslu í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar.	7
Tafla 5.	Skilgreind efnistöku- og efnislosunarsvæði í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar	8
Tafla 6.	Svæði fyrir íbúðarbyggð á Lónsbakka í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar.....	9
Tafla 7.	Skilgreind svæði fyrir verslun og þjónustu í þéttbýlinu á Lónsbakka í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar	10

1 INNGANGUR

Aðalskipulag Hörgársveitar var staðfest þann 17. desember 2015. Hér er lögð fram lýsing fyrir breytingu á skipulagsupprætti og greinargerð í samræmi við 30. skipulagslaga nr. 123/2010.

Viðfangsefni breytingarinnar er eftirfarandi;

- **Brunavarnir – vatnstökustaðir.**

Skilgreindur verður nýr kafli um brunavarnir, þar sem vatnstökusvæði og staðsetning á vatnstökubrunnum fyrir slökkviliðið verða skilgreind.

- **Breytt skilgreining á landnotkun.**

Íbúðarbyggð -Lónsbakki- stækkun á þéttbýlismörkum til norðurs

Frístundabyggð -Arnarnes.

Skógræktarsvæði -Engimýri, Geirhildargarður og Grjótgarður- Ný svæði

Efnistaka -Malarnáma í landi Hlaða/Tréstaða. Leiðrétting, námur sem voru inni í aðalskipulagi Hörgárbyggðar en dattu út þegar aðalskipulag Hörgársveitar tók gildi.

-Sérákvæði vegna efnistöku úr Hörgá og þverám hennar verður breytt.

Verslun og þjónusta -Skógarhlíðarhverfi og Syðra Brekkukot.

- **Almennir skilmálar.**

Skilmálar vegna tímabundinna stöðuleyfa m.a. tíma og fjölda leyfa innan hversrar lóðar.

Skilmálar er varða auglýsingaskilti innan sveitarfélagsins í samræmi við náttúruverndarlög.

Skilmálar og heimildir vegna bygginga á landbúnaðarsvæðum.

Skilmálar vegna mannvirkja á lóðum í dreifbýli undir 3 ha.

- **Flokkun lands.**

Skilgreining á landbúnaðarlandi og viðmið á gæðum, sett er inn frekari skilgreining á flokkun landbúnaðarlands.

- **Vegir.**

Breytt lega þjóðvegur 1 í Kræklingahlíð á upprætti skipulagsins.

- **Uppfærð íbúaspá**

Uppfærð íbúaspá m.t.t. nýrrar húsnæðisáætlunar Hörgársveitar

- **Stofnæð fráveitu**

Ný stofnæð fráveitu sýnd á upprætti frá sveitarfélagamörkum við Akureyri að Skógarhlíð við Lónsbakka.

Nánari útskýringar á breytingum má lesa um í kafla 4 um efnistöku aðalskipulagsbreytingar.

2 AÐDRAGANDI OG MARKMIÐ

Í Hörgársveit hefur verið þó nokkur uppbygging á síðustu árum og um leið mikil breyting á samfélaginu en þéttbýliskjarnarnir, Lónsbakki og Hjalteyri, hafa styrkt stöðu sína mikið sem vinsæll búsetukostur. Í dreifbýlinu hafa einnig orðið miklar breytingar og aukin fjölbreytni í atvinnutækifærum þar sem minni einingar hafa orðið til, en þó hefur hinn hefðbundni búskapur haldið stöðu sinni.

Markmið þessarar breytingar er að skerpa á stefnu sveitarfélagsins og aðlaga hana að breyttum aðstæðum með tilliti til íbúa, umhverfis og náttúru.

3 FORSENDUR OG TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Breytingin er í samræmi við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem samþykkt var á Alþingi. Þar segir m.a. í leiðarljósi stefnunnar að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

Yfirmarkmið kafla 2. Skipulag í dreifbýli er að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.

Í undirköflum segir;

2.1 Sjálfbær byggð í dreifbýli, skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli.

2.3 Sjálfbær nýting landbúnaðarlands, skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.

2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands að land sem hentar vel til ræktunar verið almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar.

2.3.2 Flokkun landbúnaðarlands, að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samstarfi við Skipulagsstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og Bændasamtök Íslands, standi fyrir gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu.

3.2 STEFNA AÐALSKIPULAGS HÖRGÁRSVEITAR

Í Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 segir að leiðarljósi skipulagsins sé að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

Megin markmið Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024 miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi á gildistíma aðalskipulagsins.

Lögð er m.a. áhersla á að;

- Að stuðla að **hagkvæmri þróun byggðar** á svæðinu, m.a. að taka frá byggingaland fyrir vöxt þéttbýlis og að leggja fram áætlun sem gæti stuðlað að hagstæðum búsetuskilyrðum.
- Að stuðla að **auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum** með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun.
- Að standa vörð um **landbúnað** á svæðinu til að sveitir haldist í blómlegri byggð.
- Að stuðla að **góðum samgöngum** í byggðarlaginu.

Í gildandi aðalskipulagi segir einnig;

Kafli 4 Þéttbýli,

4.1.1 Íbúðarbyggð, markmiðið er að uppbygging íbúðarsvæða verði á hagkvæman hátt og nýti sem

best þær grunnstoðir og þjónustukerfi sem fyrir eru. Stuðlað verði að góðum tengslum við miðlæg þjónustu- og útivistarsvæði. Ein af þeim leiðum sem sett er fram er sú að komið verði til móts við mismunandi þarfi íbúa með fjölbreyttu framboði íbúðargerða og lóða.

Kafli 3 Dreifbýli

3.1.2 Frístundabyggð, fram kemur að bygging fjögurra eða fleiri frístundahúsa verði einungis á svæðum sem í aðalskipulagi eru skilgreind fyrir frístundabyggð.

3.2.1 Landbúnaðarsvæði, markmið er að gert sé ráð fyrir að góð landbúnaðarsvæði verði nýtt áfram til landbúnaðar og gert sé ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar. Einnig segir að stefnt sé að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta og að land verði metið eftir landgæðum og nýtingarmöguleikum. Verðmætt akuryrkjuland verði ekki tekið undir aðra landnotkun og þannig tryggt að breytt landnotkun og landskipti skerði ekki almennt möguleika til notkunar landbúnaðarlands til búvöruframleiðslu í framtíðinni.

3.2.3 Verslun- og þjónusta, markmið skilgreiningarinnar er að stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu. Gert er ráð fyrir að svæðin geti eflst og þannig rennt styrkari stoðum undir byggð á svæðinu. Þær leiðir sem settar eru fram eru að leita eftir nýjum tækifærum á sviði verslunar- og þjónustu vegna nálægðar við Akureyri og að fjölga gistimöguleikum innan svæðisins.

3.3.9 Skógræktar- og landgræðslusvæði, stefnt er að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Einnig segir að á góðu landbúnaðarlandi sé fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla búpeningi og ræktun.

3.2.7 Efnistöku- og efnislosunarsvæði, almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistökuþöðum og að nýting jarðefna hvorki spilli né hafi í för með sér óæskilegar breytingar á landslagi. Lögð er áhersla á nýtingu náma sem náttúran getur viðhaldið t.d. áreyrum.


3.4.1 Vegir, að leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstararöryggi og samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.

3.3 ÍBÚAÞRÓUN

Íbúar í Hörgársveit voru 620 á 4. ársfjórðungi 2018 samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Ef horft er til íbúáþróunar frá árinu 2014 þá hefur verið nokkur sveifla á fjölda íbúa síðustu ár en þeim hefur fjölgað þó nokkuð síðustu misseri og í byrjun árs 2019 voru þeir 616. Þetta er fjölgun upp á um 10% frá 1. janúar 2014 til 1. janúar 2019, en mest varð fjölgunin á árinu 2018, sjá töflu 1.

Tafla 1. Þróun mannfjölda í Hörgársveit 2014-2019 (Hagstofa Íslands).



3.4 NÁTTÚRUFAR

Þau svæði sem að breytt landnotkun tekur til er við íbúðarbyggðina á Lónsbakka, frístundabyggð á Arnarnesi, skógræktarsvæði á Engimýri, Geirhildargarði og Grjótgarði auk efnistöku í landi Hlaða/Tréstaða.

Í tillögu aðalskipulagsbreytingarinnar verður verður gert grein fyrir náttúruferri þeirra svæða sem sem hugsanlega geta orðið fyrir áhrifum vegna breyttrar landnýtingar.

4 EFNISTÖK AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

Breytingin sem gerð er á aðalskipulagi Hörgársveitar er nokkuð umfangsmikil og er í nokkrum liðum, annars vegar eru þetta leiðréttingar og hins vegar viðbætur við nokkra landnotkunarflokka. Breytingar eru raktar í næstu köflum.

4.1 BREYTINGAR Í DREIFBÝLI

Gerð verður breyting á kafla um frístundabyggð, verslun og þjónustu, skógræktar- og landgræðslusvæði og efnistöku- og efnislosunarsvæði.

Kafli 3.1.2 Frístundabyggð.

Tafla 2. Skilgreind svæði undir frístundabyggð í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F-1	Hagaskógur	Samkvæmt deiliskipulagi frá 1990 er gert ráð fyrir 8 frístundahúsum á um 9 ha. svæði. Á svæðinu eru 3 hús af 8 risin.
F-2	Krossastaðir	Stærð svæðis 86 ha. Lóðir 0,5-2 ha. og nýtingarhlutfall 0,03.
F-3	Steðji	Samkvæmt deiliskipulagi frá 2007 er gert ráð fyrir 41 frístundahúsi, auk 12 skógræktarlóða, á rúmlega 25 ha. svæði. Á svæðinu eru 8 hús risin.
F-4	Staðartunga	Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir 20-24 húsum. Svæðið er um 23 ha. Eitt hús er risið á svæðinu.
F-5	Baugasel	Eyðibýli í Barkárdal notað sem gönguskáli. Baugasel er gamalt býli sem fór í eyði 1965 en Ferðafélagið Hörgur, hefur unnið að lagfæringu gömlu

		bæjarhúsanna. Bærinn er torfbær með tveim timburburstum og er frambærinn óþiljaður með moldargólfi en baðstofan þiljuð í hólf og gólf. Þar eru nokkur rúmstæði, borð og gashitun.
F-6	Auðnir 2	Stærð svæðis um 30 ha. Gert er ráð fyrir 8-10 lóðum og skógrækt á svæðinu.
F-7	Hraun	Gert er ráð fyrir um 20 sumarhúsum á um 12 ha svæði. Það tengist frá heimreið að Hrauni um túnslóða til norðausturs. Yfirbragð og þéttleiki verður nánar skilgreint í deiliskipulagi.
F-8	Prastarhóll	Gert er ráð fyrir allt að 7 frístundahús skv. samþykktu deiliskipulagi frá 2010.
F-9	Arnarnes	Gert er ráð fyrir frístundabyggð í bland við skógrækt á um 60 ha svæði. Lóðarstærð 0,5-1,5 ha.
F-10	Fagriskógur	Gert er ráð fyrir frístundabyggð á um 15 ha svæði.

Við töflu fyrir frístundabyggð bætist við einn liður:

- F-11 Arnarnes

Kafli 3.2.3 Verslun- og þjónusta.

Tafla 3. Skilgreind svæði Verslun- og þjónustu í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
V-1	Lækjarvellir	Blönduð landnotkun athafnasvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis. Svæðið er alls 17,5 ha að stærð og gert er ráð fyrir 21 lóð með nýtingarhlutfallinu 0,3-0,4. Innan svæðis geta m.a. risið stærri verslanir og þjónusta og einnig er gert ráð fyrir lóðum fyrir ýmiskonar athafnastarfsemi. Vísað er að öðru leyti í samþykkt deiliskipulag frá 2007.	Syðsta-Samtún, Mið- Samtún, Efstá-Samtún og Steinkot
V-2	Pétursborg og Fagravík	Ferðaþjónusta með gistingu, 2 frístundahús hvert um sig 20 m ² . Stærð lóðar 1 ha. Samkvæmt deiliskipulagi frá 2004 er gert ráð fyrir 12 frístundahúsum á um 15 ha svæði við Fögruvík.	Pétursborg
V-3	Skjaldarvík	Ferðaþjónusta í Skjaldarvík. Á svæðinu er rekin gisting, hestaleiga, verslun og veitingaþjónusta. Stærð lóðar er um 1,6 ha.	Skjaldarvík
V-4	Engimýri	Ferðaþjónusta. Gistiheimili og tjaldsvæði, hestaleiga, gistihús byggt 1991, stærð lóðar 1,5 ha.	Engimýri
V-5	Háls	Veitingaþjónusta. Stærð lóðar óþekkt.	Háls

Við töflu fyrir Verslun- og þjónusta bætist við einn liður:

- V-6 Syðra-Brekkukot.

Kafli 3.3.9 Skógræktar- og landgræðslusvæði.

Tafla 4. Skilgreind svæði skógræktar- landgræðslu í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing/stærð (ha)
SL-1	Ásláksstaðir	70
SL-2	Hraukbæjarkot	23

SL-3	Moldhaugar	19
SL-4	Glæsibær	283
SL-5	Dagverðareyri	72
SL-6	Dagverðartunga	22
SL-7	Steðji	41
SL-8	Skjaldarstaðir	41
SL-9	Gerði	35
SL-10	Myrkárbakki	23
SL-11	Flaga	40
SL-12	Hólar	90
SL-13	Syrði-Reistará	20
SL-14	Ásláksstaðir	56

Við töflu fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði bætast við þrjú liðir:

- SL-15 Engimýrar
- SL-16 Geirhildargarðar
- SL-17 Grjótagarður

Kafli 3.2.7 Efnistöku- og efnislosunarsvæði.

Tafla 5. Skilgreind efnistöku- og efnislosunarsvæði í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar

Nr.	Heiti	Lýsing	Staða/ magn m ³	Jörð
E-1	Spónsgerði	Möl og sandur	50.000	Spónsgerði
E-2	Hörgá 1*	Árfarvegur og bakkar neðan við brú á Dalvíkurvegi	45.000	Hlaðir/Möðruvellir
E-3	Björg	Setnáma, sethjalli frá ísaldarlokum	2.200.000	Björg
E-4	Hörgá 2*	Árfarvegur milli Djúpárbakka og Laugalands	65.000	Litli-Dunhagi, Stóri-Dunhagi, Grjótagarður, Djúpárbakki, Björg
E-5	Moldhaugaháls	Grjótnáma ásamt lagersvæði alls um 17 ha	5.000.000	Skútar/Moldhaugar
E-6	Hörgá 3*	Árfarvegur á móts við Auðbrekku	85.000	(Krossastaðir, Laugarland, Auðbrekka Hólkot)
E-7	Hörgá 4*	Árfarvegur á móts við Brakanda	15.000	(Fornhagi, Brakandi, Dagverðartunga, Skriða)
E-8	Hörgá 5*	Malarkeilur og árfarvegur Syðri-Tunguár og Ytri-Tunguár	75.000	Skriða, Fornhagi, Dagverðartunga

E-9	Hörgá 6*	Árfarvegur frá Steðja að vesturmörkum Lönguhlíðar	400.000	Skriða, Langahlíð, Neðri-Rauðilækur, Neðri-Vindheimar, Ás, Skógar, Steðji
E-10	Öxnadalsá 1	Árfarvegur frá Neðstalandi og Hraunshöfða	55.000	Efstaland, Neðstaland, Skjaldarstaðir
E-11	Öxnadalsá 2*	Árfarvegur á móts við Efstaland	55.000	Efstaland
E-12	Glæsibær	Gamalt malarnám. Í tengslum við uppbyggingu á svæðinu er áætlað að opna gamalt malarnám á svæðinu þar sem fyrirhugað er að nota efni til vegagerðar og í lóðaframkvæmdir. Í leiðinni á að ganga frá námunni, laga hana að landi og loka með bættum umhverfisfrágangi. Land umhverfis gömlu námuna verður lækkað og lagað til þannig að til komi betra byggingarsvæði til uppbyggingar VP6. Í lok efnistöku tímabils verður jafnað úr brekkum og þær græddar upp.	30.000	Glæsibær

Við töflu fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði bætast við tveir liðir:

- E-13 Hlaðir
- E-14 Hlaðir/Tréstaðir

Þar er efnistökusvæði, malarnámi í landi Hlaða/Tréstaða bætt við en efnistaka hefur verið á svæðinu lengi en láðist að skilgreina það þegar gildandi aðalskipulag var unnið.

Skilmálum vegna efnistöku úr Hörgá og þverám hennar breytt, sjá skilmálar og skilgreiningar.

4.2 BREYTINGAR Í ÞÉTTBÝLI

Gerðar verða einnig nokkrar breytingar/lagfæringar á þéttbýlishlutanum. Breytingar verða gerðar á kafla um íbúðarbyggð og verslun og þjónustu.

Kafli 4.1.1 íbúðarbyggð.

Lónsbakki.

Tafla 6. Svæði fyrir íbúðarbyggð á Lónsbakka í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar.

Ný svæði	Stærð í ha	Fjöldi lóða
Svæði A til 2024	2,6	26-39
Svæði B eftir 2024	2,4	24-36

Íbúðarsvæði stækkað til norðurs og breytast stærðir í töflu.

Kafli 4.2.1 Verslun og þjónusta.

Tafla 7. Skilgreind svæði fyrir verslun og þjónustu í þéttbýlinu á Lónsbakka í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
VP-1	Lónsá	Gistiheimili, stærð lóðar 1 ha
VP-2	Húsasmiðjureitur	Verslun Húsasmiðjunnar, Blómavals og timbursala, stærð lóðar 2,3 ha
VP-3	Lífland	Ýmis þjónusta í tengslum við landbúnað, stærð lóðar 1,0 ha

Við töfluna bætist einn liður

- VP-4 Lónsbakki

4.3 SKILMÁLAR OG SKILGREININGAR

Sérákvæðum vegna efnistöku úr Hörgá og þverám hennar er breytt þannig að ákvæði um að efnistaka skuli fara fram einungis á einum efnistökuastað í einu er felld út og ákvæði sett inn sem segir að við veitingu framkvæmdaleyfis skuli liggja fyrir jákvæð umsögn Fiskistofu þar sem tillit er tekið til annarra gildandi framkvæmdaleyfa vegna efnistöku í Hörgá.

Skilmálar og ákvæði verða sett fyrir efnistökusvæði í landi Hlaða og Tréstaða en svæðin hafa verði nýtt í langan tíma og voru skilgreind í eldra skipulagi en láðist að skilgreina þau í gildandi aðalskipulagi.

Settur verður nýr kafli um brunavarnir þar sem skilgreind verða vatnstökusvæði og vatnstökubrunnar fyrir slökkviliðið sem tilgreind eru í brunavarnarsamningi sem auka skilvirkni viðbragðsaðila ef til bruna kemur.

Skilmálar vegna tímabundinna stöðuleyfa verða skilgreindir betur s.s. gildistími leyfa, gerð og fjöldi eininga innan hvernar lóðar út frá stærð og staðsetningu lóðarinnar og ákvæðum byggingarreglugerðar.

Skilmálar vegna auglýsingaskilta þar sem bann við auglýsingaskiltum er ítrekað í samræmi við náttúruverndarlög en sveitarfélagið vill skerpa á þessum skilmálum.

Í kafla 3.2.1 Landbúnaðarsvæði verður skilmálum bætt við í texta þannig að byggingar á landbúnaðarsvæðum miðist við þær landeignir sem skilgreindar voru í upphafi skipulagstímabilsins, skipting landeigna gefi ekki frekari byggingarheimildir umfram það sem til staðar var á upprunalandinu.

Breyting á byggingarheimildum varðandi mannvirki á lóðum í dreifbýli undir 3 ha breytt þannig að ef óskað er eftir byggingarheimildum umfram það sem tiltekið er í aðalskipulaginu skuli ávalt vinna deiliskipulag.

Skilgreining á flokkun landbúnaðarlands og viðmiða á gæðum. Þó nokkrar tilfæringar hafa verið í landnýtingu í sveitarfélaginu og samkvæmt ákvæðum í gildandi aðalskipulagi er gerð krafa um að áður en ákvörðun er tekin um breytta nýtingu á hefðbundnu landbúnaðarlandi skuli meta virði svæðisins m.t.t. ræktunargildis. Í aðalskipulaginu er sett fram flokkun sem nota skal til viðmiðunar þegar land er metið. Reynslan hefur sýnt að þessi viðmiðun eru of víðtæk og vill sveitarfélagið setja fram skýrari viðmið.

Íbúaspá verður einnig leiðrétt í aðalskipulaginu en gerð var uppfærsla á íbúaspá vegna nýrrar húsnaðisáætlunar sem unnin var fyrir sveitarfélagið á árinu. Samkvæmt henni þá er hún eftirfarandi:

	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Lágspá	616	631	656	681	706	731
Miðspá	616	636	666	696	726	756
Háspá	616	641	686	731	776	821

4.4 BREYTING Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

Á skipulagsuppdrætti verður landnotkun skilgreind og þar sem landnotkunarsvæði er undir 5 ha er hún mörkuð með hring og númeri.

Skilgreining á vatnstökusvæðum og staðsetning á vatnstökubrunnum fyrir slökkviliðið.

Íbúðarsvæði á Lónsbakka skilgreint.

Frístundabyggð á Arnarnesi skilgreind.

Skógræktarsvæði á jörðunum Engimýrum, Geirhildargörðum og Grjótgarði verða skilgreind.

Efnistökusvæði við Hlaðir/Tréstaði skilgreind.


Verslun- og þjónusta skilgreind í Skógarhlíðarhverfi á Lónsbakka og á Syðra- Brekkukoti.

Legu þjóðveggar 1 um Kræklingahlíð verður færð til suðurs í samræmi við áætlanir Vegagerðarinnar.

Breyting á þéttbýlisuppdrætti Lónsbakka. Ný stofnæð fráveitu frá sveitarfélagamörkum Akureyrar að Skógarhlíð við Lónsbakka.

5 VERK OG TÍMAÁÆTLUN

Eftirfarandi eru drög að tímaferli og birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.



Skipulagsgögn verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins og samskiptamiðlum. Hugmyndir og tillögur verða kynntar yfirvöldum og hagsmunaaðilum með auglýsingu og kynningu í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Helstu umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin

Eftir samþykkt sveitarstjórnar og staðfestingu Skipulagsstofnunar á fullunninni tillögu verður hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við lög.

6 HEIMILDASKRÁ.

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024.

Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2017.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Landskipulagsstefna 2015-2026.

Skipulagslög nr.123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.